

nema $\frac{1}{2}$ Hallskot. Þessi hundraðhluti kemur heim og saman við skráðan dýrleika Hallskots af dýrleika Flóagaflstorfunnar allrar í jarðamatinu frá 1861, þ.e. 4,37 hundruð af 47,6 hundruðum.

Stefnandi telur hluta Flóagaflstorfunnar ...

[Sjá bls. 1562-1564.]

... kostnað af málinu.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Nils Ólafsson og hreppsnefnd Eyrarbyggahrepps, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Jóns Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 27. nóvember 1986.

Nr. 302/1986. **Fríðrik G. Fríðriksson**

gegn

Geir Viðari Vilhjálmssyni

Kærumál. Uppboð. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Sóknaraðili hefur með skírskotun til heimildar í j lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. október 1986 er barst Hæstarétti 13. þ.m. Hann gerir þær kröfur, að hrundið verði þeim hluta úrskurðar uppboðsréttar Árnassýslu frá 27. október 1986 er kveður á um að fresta skuli framkvæmd hins umdeilda uppboðs, þar til niðurstaða er fengin í hæstaréttarmálinu nr. 230/1985.

Í greinargerð varnaraðilja, er barst Hæstarétti 26. þ.m., krefst hann þess aðallega, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara að staðfest verði sú ákvörðun uppboðsréttar að fresta framkvæmd uppboðsins. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Eigi eru efni til að taka frávisunarkröfu varnaraðilja til greina.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði var, að undangengnum auglýsingum í 77., 83., og 90. tölublaði Lögbirtingablaðsins árið 1985, kveðinn upp úrskurður hinn 23. september 1985 þess efnis, að uppboð skyldi fara fram á eignarhluta varnaraðilja í sumar-

bústaðnum Ásbúð, Þingvallahreppi, eftir kröfum annarra uppboðsbeiðenda en sóknaraðilja þessa máls.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949 er öðrum óheimilt að krefjast uppboðs á sömu eign eftir að uppboðsauglýsing hefur verið gefin út, „meðan beiðni hins er ekki niður fallin“.

Þvert ofan í þetta lagaákvæði hefur uppboðshaldari í hinum kærða úrskurði tekið kröfu sóknaraðilja um uppboð til greina. En þar sem sá þáttur úrskurðarins er ekki til úrlausnar í kærumáli þessu, verður við svo búið að standa. Að þessu athuguðu þykir því rétt að staðfesta úrskurðinn að því leyti sem hann hefur verið kærður til Hæstaréttar.

Rétt þykir að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður að því leyti sem honum hefur verið skotið til Hæstaréttar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Árnassýslu 27. október 1986.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 6. þ.m., var þingfest föstudaginn 3. þ.m. að Ásbúð, Þingvallahreppi.

Uppboðsbeiðandi er Haraldur Blöndal hrl. f.h. Friðriks G. Friðrikssonar fyrir kr. 125.334,- skv. fjárnámsgerð frá 23. september 1985.

Sótt var þing af hálfu uppboðsbeiðanda við þingfestingu málsins.

Uppboðspoli Geir Viðar Vilhjálmsson hefur sótt þing í málinu.

Við þingfestingu óskaði uppboðspoli eftir fresti í málinu og var honum með samþykki uppboðsbeiðanda veittur festur til þess að leggja fram gögn í málinu, til 6. þ.m.

Þann 6. október sl. var þingað á ný í málinu og var sótt þing af hálfu uppboðsbeiðanda.

Uppboðspoli var sjálfur mættur.

Uppboðspoli lagði fram skriflega greinargerð.

Uppboðshaldarinn gætti leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart uppboðspola, en hann er ólöglerður.

Uppboðspoli krefst þess að synjað verði um framgang uppboðsins. Af hálfu uppboðsbeiðanda er mótmælt framkominni kröfu um að synjað verði um framgang uppboðsins og þess krafist að hið umbeðna uppboð fari fram strax.

Helstu rök uppboðspola fyrir því, að uppboðið skuli ekki fara fram, eru þau að uppboðið hafi ekki verið auglýst með lögmætum hætti og að ekki hafi verið gætt þeirrar skyldu að tilkynna uppboðspola um hina fram komnu uppboðsbeiðni sbr. 22. gr. uppboðslaga nr. 57/1949.

Uppboð á eignarhluta uppboðspola í sumarbústaðnum Ásbúð, Þingvallahreppi var auglýst í 77. 83. og 90. tölublaði Lögbirtingarblaðsins 1985.

Uppboðsþingið 3. október 1986 var auglýst í Morgunblaðinu föstudaginn 16. september 1986.

Uppboðspola var tilkynnt um hina fram komnu uppboðsbeiðni með ábyrgðarbréfi að Reyn, Mýrdalshreppi, síðasta lögheimili uppboðspola, þann 23. september 1986.

Það ábyrgðarbréf hefur ekki verið endursent.

Samkvæmt upplýsingum pósthöfundar í Vík í Mýrdal er allur póstur sem berst til uppboðspola sendur bróður hans Vilhjálmi Vilhjálmsyni í Keflavík.

Uppboðspoli er nú óstaðsettur í hús í Reykjavík samkvæmt þjóðskrá.

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið, þykir ekki vera ástæða til að taka þessa málsástæðu uppboðspola til greina.

Ekki hefur verið leitt í ljós í málinu að uppboðsheimild sú, sem lögð er til grundvallar uppboðsbeiðni Friðriks G. Friðrikssonar, sé haldin þeim annmörkum að synja beri um uppboð á eignarhluta uppboðspola í Ásbúð, Þingvallahreppi af þeim sökum.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða uppboðsréttarins sú að umbeðið nauðungaruppboð á eignarhluta Geirs Viðars Vilhjálmssonar í sumarbústaðnum Ásbúð, Þingvallahreppi skuli fara fram.

Þann 23. september 1985 var í uppboðsrétti Árnassýslu kveðinn upp úrskurður um að uppboð skyldi fara fram á framangreindum eignarhluta en samkvæmt kröfum annarra uppboðsbeiðenda. Uppboðsbeiðni Friðriks G. Friðrikssonar var þá ekki komin fram.

Framangreindum úrskurði hefur uppboðspoli áfrýjað og er málið nú til meðferðar hjá Hæstarétti sem hæstaréttarmálið nr. 230/1985.

Með hliðsjón af 2. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 27. gr. uppboðslaga nr. 57/1949, þykir rétt að fresta uppboði þar til niðurstaða hefur fengist úr hæstaréttarmálinu nr. 230/1985.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Sigurður Jónsson, fulltrúi sýslumanns í Árnassýslu, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hið umbeðna uppboð á eignarhluta Geirs Viðars Vilhjálmssonar í sumarbústaðnum Ásbúð, Þingvallahreppi á að fara fram.

Fresta skal framkvæmd uppboðsins þar til niðurstaða er fengin í

hæstaréttarmálinu nr. 230/1985, þar sem áfrýjað var úrskurði uppboðsréttar Árnassýslu frá 23. september 1985.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 27. nóvember 1986.

Nr. 246/1984. **Eybjörg Einarsdóttir**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

menntamálaráðherra og

fjármálaráðherra

f.h. ríkissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Skaðabætur utan samninga. Líkamstjón. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi hefur skotið hinum áfrýjaða dómi til Hæstaréttar með stefnu 12. desember 1984, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hún gerir þær dómkröfur að stefndi verði dæmdur til að greiða henni 583.220,13 krónur með 34% ársvöxtum frá 17. nóvember 1981 til 1. nóvember 1982, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 23. júní 1983, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, en til vara að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð ný áætlun Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings um tjón áfrýjanda vegna varanlegrar og tímabundinnar örorku.